

Fundargerð 304. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 304. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 4.maí 2021 á TEAMS.

Efni fundar:

1. Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2021
2. Aðalfundur Stjórnvísí
3. Fjármál
4. Fréttir af faghópum
5. Samfélagsskýrslan 2021
6. Önnur mál

Dags.fundar: 4.maí 2021	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 304
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Jón Gunnar Borgþórsson, Ingi Björn Sigurðsson, Guðný Halla Hauksdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Steinunn Ketilsdóttir

Fjarverandi:

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2021.** Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí voru afhent þann 26.apríl sl. á Grand Hótel við hátíðlega athöfn. Einungis verðlaunahöfum var boðið til hátíðarinnar og örfáum úr stjórn félagsins. Veitt voru verðlaun í þremur flokkum auk þess sem heiðursfélagi Stjórnvísí 2021 var útnefndur.
Handhafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísí 2021 eru Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri í flokki yfirstjórnenda, **Auður Daníelsdóttir** framkvæmdastjóri sölu-og ráðgjafasviðs Sjóvár og **Sigríður Harðardóttir**, mannauðsstjóri Strætó í flokki millistjórnenda. Dómnefnd veitti einnig þremur frumkvöðlum sem vakið hafa verðskuldaða eftirtekt fyrir störf sín á heilbrigðisviði undanfarin misseri viðurkenninguna Frumkvöðlar ársins 2021, **Tryggvi Þorgeirsson** stofnandi og forstjóri SideKick Health, **Guðmundur Fertram Sigurjónsson** stofnandi og forstjóri Kerecis og **Gísli Herjólfsson** stofnandi og forstjóri Controlant.
Sérstök heiðursverðlaun voru veitt **Guðmundi Þorbjörnsson** framkvæmdastjóri Eflu fyrir framlag sitt til stjórnunar á Íslandi. Einnig var útnefndur og verðlaunaður heiðursfélagi Stjórnvísí 2021, **Davíð Lúðvíksson** sérfræðingur á rannsóknar-og nýsköpunarsviði Rannís.
Fréttaumfjöllun hefði mátt vera meiri en visir.is birti umfjöllun og mikil umfjöllun var á öðrum miðlum. Betri ljósmyndir hafa t.d. 2 ljósmyndari.

2. **Aðalfundur Stjórnvísí 6.maí kl.12:00-13:00.** Raket Guðnadóttir hönnuður Stjórnvísí er að vinna skýrsluna og verður hún vonandi tilbúin til yfirlestrar í kvöld eða á morgun. Eitt framboð hefur borist í embætti formanns fyrir starfsárið 2021-2022: Sigríður Harðardóttir, mannauðs-og gæðastjóri Strætó. Sigríður situr í stjórn Stjórnvísí.

Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir aðilar kosnir til tveggja ára í stjórn Stjórnvísí: **Ósk Heiða Sveinsdóttir**, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins (2020-2022). **Stefán Hrafn Hagalín**, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítala (2020-2022) **Steinunn Ketilsdóttir**, ráðgjafi hjá Intellecta og formaður faghóps um stafræna fræðslu (2020-2022)

Jón Gunnar Borgþórsson, alþjóðlega vottaður stjórnendaráðgjafi (CMC), (2021-2022). Jón Gunnar býður sig fram til eins árs, var kosinn í aðalstjórn (2019-2021) Önnur framboð í stjórn (í stafrófsröð) sem kosið verður um á aðalfundi eru:

Baldur Vignir Karlsson, verkefnastjóri á menntadeild Landspítala (2021-2023)

Falasteen Abu Libdeh, framkvæmdastjóri og eigandi hjá Ráði ehf. frá og með 01. maí 2021. (2021-2023)

Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkenni. (2021-2023)

Ingibjörg Loftsdóttir, sviðsstjóri, VIRK Starfsendurhæfingarsjóður (2021-2023).

Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar Suðurlands hjá Markaðsstofu Suðurlands. (2021-2023)

Lilja Gunnarsdóttir, markþjálfari og sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg. (2021-2023)

Kosið verður í fagråd félagsins. Eftirtaldir bjóða sig fram í fagråd félagsins:

Guðfinna S. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri LS ráðgjöf (2021-2023)

Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís og stjórnarformaður Vottunar hf. (2020-2022)

Sigurjón Andrésson, forstöðumaður markaðsstjóri BL (2020-2022)

Þorkell Sigurlaugsson, viðskiptafræðingur (2021-2023)

Þórunn M. Óðinsdóttir, framkvæmdastjóri Intra ráðgjafar (2020-2022)

Kosnir voru á síðasta aðalfundi tveir skoðunarmenn til 2ja ára og bjóða eftirtaldir sig fram:

Oddný Assa Jóhannsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2020-2022)

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2021-2022)

Dagskrá aðalfundar

Venjuleg aðalfundarstörf:

Kjör fundarstjóra og ritara.

Skýrsla formanns.

Skýrsla framkvæmdastjóra.

Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Breytingar á lögum félagsins.

Kjör formanns.

Kjör stjórnarmanna til næstu ára

Kjör fagráðs.

Kjör skoðunarmanna reikninga.

Önnur mál.

Ársreikningurinn verður aðgengilegur á vefsíðu félagsins strax að loknum aðalfundi.

Þeir sem óska eftir útprentuðum ársreikningi er bent á að óska eftir því sérstaklega við framkvæmdastjóra félagsins gunnhildur@stjornvisi.is

3. **Fjármál.** Fjármál eru á áætlun og aðildargjöld öll innheimt fyrir árið 2021, engar viðskiptaskuldir útistandandi.
 4. **Fréttir af faghópum.** Stjórnir faghópa eru byrjaðar að auglýsa aðalfundi sína og er stefnt að því að allar stjórnir hafi verið endurnýjaðar í lok mánaðarins. Aldrei fyrr í sögu félagsins hafa jafn margir fundir verið í boði og jafn margir sótt fundi.
 5. **Samfélagsskýrsla ársins.** Stefnt er að því að afhenda Samfélagsskýrslu ársins 8.júní hjá SI.
 6. Önnur mál
 - Verið að stofna nýjan faghóp um aðstöðustjórnun – mikill áhugi á stjórnarsetu.
1. **Staða verkefna** (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2020 – 2021

1. Stuðningur við stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðilar: **Ásdís**, Aðalheiður, Steinunn, Ingi Björn.

Stjórn þessa faghóps fundar í næstu viku og er búin að vinna gríðarlega mikið starf í vetur. Það nýjasta er að boðið verður mánaðarlega upp á fundi með framkvæmdastjóra þar sem nýjungar verða kynntar og stjórnir faghópa hvattar til að koma með tillögur að fundarefni. Skoðað var að gríðarlegt álag er búið að vera í að vera stuðningur við faghópanna. Allir fyrirlestrar eru online og margir óruggir. Aðilar fóru því yfir allar leiðbeiningar á vefnum fyrir stjórnir faghópa til að einfalda þær og gera skýrari. Allar verklagsreglur hafa verið yfirfarnar og búið að gera ný myndbönd sem auðvelda stjórnnum faghópa að stofna viðburði á vef, stofna Teams tengil og stofna facebookviðburð. Nýlega var einnig haldinn fundur fyrir stjórnir faghópa sem er aðgengilegur á Teams. Senda á út póst á allar faghópastjórnir til þess að benda á þessar nýju upplýsingar og hvetja formenn til að deila þekkingu. Allir formenn faghópa hafa admin aðgang á facebook síðu Stjórnvísí og geta gefið öðrum í stjórn faghópsins aðgang. Þannig ættu þeir að geta sett inn fundi af Teams inn á facebooksíðu félagsins.

2. Markaðsmál og sýnileiki

Ábyrgðaraðilar: **Ósk Heiða**, Stefán Hrafn, Jón Gunnar, Guðný Halla.

Þessi hópur ætlar að hittast og funda í apríl um næstu skref. Rakel hönnuður Stjórnvísí og Ósk Heiða eru búnar að hittast nokkrum sinnum og voru kynntar tillögur sem komu frá hönnuði varðandi nýtt útlit. Þessi vinna snýst um að samræma ásýnd vörumerkisins við styrk fagmennsku. Rakel fór í vinnu við að nýta áfram dropann og hefur leikið sér með nýjar birtingarmyndir hans. Einnig kom hún með tillögu að breytingu á litum. Niðurstaðan var sú að Rakel myndi velja það sem henni líst best á. Passa verður vel upp á að hnappar verði vel sýnilegir. Stjórnir eru hvattar til að deila viðburðum á facebooksíðu Stjórnvísí og á sínum eigin aðgangi á LinkedIn. Útbúa á sérstaka bakgrunnslæðu fyrir stjórnir faghópa til að nota á fundum. Verið er að bíða eftir Stefnu varðandi að uppfæra heimasíðuna. Núna er allt efni fullgert og búið að senda á Stefnu frá Rakel hönnuði Stjórnvísí. Mikið er að gera hjá Stefnu og því hefur tafist að koma uppfærðri hönnun á síðuna en von er á að það gerist í upphafi næstu viku. Í dag 5.janúar 2021 var kynnt nýuppfærð heimasíða félagsins sem hefur vakið mikla jákvæða athygli og allt efni fyrir stjórnir faghópa er komið inn á heimasíðuna.

3. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu

Ábyrgðaraðilar: **Jón Gunnar**, Sigríður, Steinunn, Ásdís,

Hópurinn hittist 28.óktóber og ræddi hversu mikið ætti að leita út til annarra félaga. Áherslan á að vera á grasrótinni og við getum því ekki skipt okkur of mikið af því hvernig hóparnir vinna heldur að hvetja alla til að sækja meira inn í fræðasamfélagið þ.e. kynna nýjar

rannsóknir. Einnig var rætt hverju væri verið að ná fram. Frumkvæðið þarf að koma frá grasrótinni. Niðurstaðan var sú að fara ekki í meira samstarf en nú er. Ákveðið að setja verkefnið á ís fram í janúar og taka upp stöðuna þá. Háskólarnir eru meðvitaðir um að vera með og alltaf skemmtilegt að blanda saman fræðasamfélaginu og vinnustaðnum.

1. Atvinnulífið (KPMG stjórnarhættir)
2. Háskólarnir
3. Opinberir aðilar - stjórnkerfið
4. Opinberir aðilar - fyrirtækin
5. Samtök atvinnulífsins
6. Samstarf með háskólanum á Akureyri
7. Símenntunarmiðstöðvar út um allt land
8. Stjórnunarfélag suðurlands Selfoss -
9. Sinnum landsbyggðinni - fáum flotta fyrirlestara þaðan og streyma